



Iceland
STAÐARBERGI

SÆVANGUR 10



203m² Verðtilboð
EINBÝLI
Sérlega fallegt einbýli á einni hæð með innbyggðum bílskúr (38 m² stúdíó íbúð). Heitur pottur, verðlaunagarður. Sjávarútsýni.

HÓLABRAUT 7



82m² **34,5 millj. kr.**
Sérlega skemmtileg talsvert endurnýjuð 3ja til 4ra herb. Nýtt eldhús frá Ikea. Íbúð á 3ju hæð í litlu vel staðsettu fjölbýli. Nýlegt eikarparket á gólfum.

KRÍUÁS 17A



104m² **40,9 millj. kr.**
Sérlega falleg og björt 3ja herb. íbúð á 3ju hæð á þessum vinsæla stað í Áslandinu. Örstutt í skóla og leikskóla. Snyrtilegt eldhús og fallegt baðherbergi. Útsýni.

HRAUNHAMAR FASTEIGNASALA

Bæjarhrauni 10 Hafnarfirði • Sími 520 7500 • www.hraunhamar.is

Stofnuð 1983

Burger*inn



Sími: 555 7030
www.burgerinn.is



Hádegisréttir og helgarbröns

MATHÚS BAR
VON

Strandgata 75 | 583 6000 | vonmathus.is

Ljós í myrkri pólitískra átaka

Upplýst listaverk með skilaboðum breyttu ásýnd Viðistaðatúns

Á meðan öld ríkir í hafnirskum stjórnmálum mátti sjá ljós Ingvars Björns í myrkirinu á Viðistaðatúni sumardaginn fyrsta. Þarna mátti sjá innsetningu hans þar sem hann kom fyrir áletrunum ginum við listaverkin á Viðistaðatúni og lýsti þau upp til gleði fyrir þá sem framhjá gengu og ekki

siður til að vekja forvitni þeirra. Tengdi hann Kína og Ísland saman með áletrun um íslenska náttúru.

Myndasafn á fjardarfrettir.is



Hafnarfjarðartilbrigði Sebastians frá 1991 - upplýst og gina með áletrun framan við verkið.

Straumur seldur

Bæjarráð hefur samþykkt kaupsilboð í allar húseignir að Straumi, samtál 727 m². Með húsunum fylgir um 3.000 m² leigulöð. Fulltrúar Samfylkingar og Vinstri grænna voru andvígir sölu á Straumi.

Brunabótamat húsanna er um 119 millj. kr. og fasteignamat um 86 millj. kr. sem líklega er nálægt söluverði.

Skodaðu tertúirvalið á kakulist.is



Jón Arlúss
KÖKULIST

Kökulist verslunarmiðstöðinni Firði Hafnarfirði
Kökulist Höfðagata 17 Reykjavík
Kökulist Síðuból 2 Garðabær
Kökulist@kakulist.is - 555 66 55



Frumherji
BIFREIÐASKOÐUN
Dalshrauni 5
Opíð kl. 8-17 virka daga

100 m² gott verslunarrými

TIL LEIGU

í verslunarmiðstöðinni Firði

Upplýsingar veitir Guðmundur Bjarni
í síma 615 009 og fjordur@fjordur.is



FJARDAR fréttir

Útgefandi: Hönnunarhúsið ehf. kt. 450106-1350

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Guðni Gíslason

Ritstjórn og auglýsingar: 565 4513, 896 4613

fjardarfrettir@fjardarfrettir.is

Prentun: Ísafoldarprentsmiðja • Dreifing: Póstdreifing

ISSN 2298-8858 Vefútgáfa: ISSN 2298-8866

www.fjardarfrettir.is

www.facebook.com/fjardarfrettir.is

Hönnunarhúsið ehf., Bæjarhrauni 2, 220 Hafnarfirði



Sunnudagur 29. apríl

Guðspjónusta kl. 11

Kór Víðis Íðakirkju syngur undir stjórn Kristínar Jóhannesdóttur.

Prestur: Sr. Jakob Ágúst Hjálmarsson.

Sunnudagaskóli kl. 11

Fjölbreytt og fræðandi dagskrá.

Hressing í safnaðarsalnum eftir guðspjónustur.

FERMINGARSKRÁNING

stendur yfir á vidistadakirkja.is

www.vidistadakirkja.is



Sunnudagurinn 29. apríl:

Sunnudagaskóli kl. 11

Nánar á www.frikirkja.is og á Facebook

Öllum tilboðum hafnað

Öllum tilboðum í byggingu óupphitaðs knathúss í Kaplakrika hefur verið hafnað þar sem öll tilboðin voru mun hærri en gert er ráð fyrir í fjárhagsáætlun. Þetta var ákveðið á fundi umhverfis- og framkvæmdaráðs 18. apríl sl.

Í minnisblaði sviðsstjóra segir að í alúboðsverkum geti bjóðendur komið með nýjar útfærslur á hönnun, því sé erfitt að gera grein fyrir kostnaði vegna þessa verks. Þess vegna var ekki gerð kostnaðaráætlun hjá sviðinu, þar sem bjóðendur gátu boðið ólíkar lausnir í sínum tilboðum. Framhaldið er því óvíst.

HAFNARFJARDARKIRKJA



Sunnudagur 29. apríl

Messa og sunnudagaskóli kl. 11

50, 60 og 70 ára fermingarbörn taka þátt í messunni.

Laugardaginn 28. apríl

Tónleikar Barbörurkórsins kl. 17

Lögin sem allir elska.

Mánudaginn 30. apríl

Vortónleikar Barna- og unglingakórs Hafnarfjardarkirkju kl. 18

Skráning fermingarbarna 2018-2019 hafin

Sjá nánar á www.hafnarfjardarkirkja.is
www.facebook.com/hafnarfjardarkirkja

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARDAR

Flatahraun 5a

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA



Kristín Ingólfsdóttir



Sverrir Einarsson



Margrét Ásta Guðjónsdóttir

Símar allan sólarhringinn: 565 5892 & 896 8242

Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er
www.utfararstofa.is

Verið velkomin á opnunarhátíð 1. maí

Framsókn og óháðir kynna stefnuskrá framboðsins á opnunarhátíð kosningaskrifstofunnar við Strandgötu 75, þriðjudaginn 1. maí frá kl. 14-17. Frambjóðendur grilla ofan í gesti og gangandi. Boðið verður upp á andlitsmálun fyrir unga sem aldna auk óvæntra uppkoma.

Komdu og taktu þátt í að skapa betri Hafnarfjörð.

Við erum sterkari saman.



FRAMSÓKN OG ÓHÁÐIR



SAMKVÆMISDANS OG JAZZLEIKSKÓLI

(4 VIKUR)

JAZZLEIKSKÓLINN ER FYRIR 3.- 5 ÁRA

Kennt á miðvikud.kl.17.15-18.00. Kennsla hefst 2.maí.

SAMKVÆMISDANSAR FYRIR 6-10 ÁRA

Kennt á mánud.og fimmtud.kl.17.00-17.50. Kennsla hefst fimmtud.3.mai.

Kennarar:



AUÐUR



HANNA RÚN



DIHDANSSKOLI



WWW.DIH.IS



DIH DANCE CLUB

Fólkið á Völlumum

Uppbyggingin á Völlumum hefur verið hæg eftir bankahrún. Hraunvallaskóli var löngu sprungin, málum bjargað í horn með kennslu í gámum og ekki lengur pláss á skólalóðinni til að fjölga þeim. Á síðasta ári var loksins hafist handa við byggingu Skarðshlíðarskóla eftir baráttu for-eldrafélagsins. Mislæg gatnamót við Krýsuvíkurveg hafa ekki skilað sínu eins og lofað var, þar sem Reykjanesbrautin bíður enn tvöföldun á einum hættulegasta kafla hennar. Bygging leikskólans við Bjarkarvelli var brýn og stytta langa biðlista í stóru barnahverfi. Nýtt körfuboltaús



Stefán Már Gunnlaugsson

Hauka á Ásvöllum gegnir stóru hlutverki í íþróttalífinu og mætir sömuleiðis þörf um kennsluhúsnæði í íþróttum. Þá er nýbyggt safnaðarheimili Ástjarnarsóknar kærkomið og skapar ný tækifæri í fjölbreyttu félagsstarfi. Það sem sköpum skipti um þennan árangur er samstaða og þrýstingur frá í búunum á bæjaryfirvöld.

Hjúkrunarheimili og háspennulínur

En stærsta framkvæmdin á Völlumum var blásin af strax eftir kosningar árið 2014. Þá ákvað íhaldið í meirihlutanum að hætta við byggingu hjúkrunarheimilis fyrir 60 íbúa, sem var búið að teikna og

setja í útbóðsferli. Þessari framkvæmd átti að fylgja heilsugæsla, sem hefði stórbætt aðgengi allra Hafnirfirdinga að góðri heilbrigðisþjónustu, ekki sist fyrir barnafólkið og eldri borgara. Þá hefur uppbygging í Skarðshlíðinni verið afar röleg, þó lóðimar hafi verið tilbúnar til úthlutunar árið 2008 og lítið verið gert til að bæta aðkomuna og umhverfið þar. Loforð og viljayfirlýsingar um færslu háspennulínunnar, sem er nánast rétt við heimilisdyr margra íbúa, hafa verið svikin ítrekað og núverandi meirihluti býður ekki upp á neinar lausnir í þeim efnum. Svo lofar íhaldið í orði byggingu knatthúss á Ásvöllum fyrir 3 milljarða, en engin innistæða fyrir loforðunum og finnst ekki stafrókur um það í fjárhagsáætlun bæjarins.

Fólk í fyrirrúmi

Nýir íbúar bætast stöðugt í hverfið okkar á Völlumum, sem brátt verður fullbyggt og er einstakt fyrir nálægð við óspillt hraunið, fallega náttúru og útivistarmöguleika. Samfylkingin leggur áherslu á að ljúka uppbyggingu hverfisins, fjölga grænum svæðum, fegra og byggja upp öfluga þjónustu á Völlumum með fólk í fyrirrúmi.

Höfundur skipar 4. sætið á lista Samfylkingarinnar í Hafnirfirði.




HELGAFELL

FASTEIGNASALA

s: 566-0000 • helgafellfasteignasala.is



Gunnar Sv. Friðriksson
lögiltur fasteignasali
S: 842 2217




REYKJAVÍKURVEGUR 52A - HAFNARFIRÐI.

Vönduð eign fyrir 50 ára og eldri. 117, 3 fm. endaríbúð með glerlokun á svölum. Stæði í bílageymslu. Laus fljótlega. **Verð: 57.9 millj. kr.**

Nánari uppl. veitir Gunnar Sv. Friðriksson lögg. fast. í s: 842 2217 eða gunnar@helgafellfasteignasala.is

**SJÁ FLEIRI FRÉTTIR Á
WWW.FJARÐARFRETTIR.IS**



Tónlistarskóli
Hafnarfjarðar

Innritun
fyrir skólaárið 2018-2019



Forskóli

Innritun fyrir nemendur fædda 2011-2012.

Suzukinám

á fiðlu-, selló og píanó.

Söngnám

Á næsta skólaári verður hægt að stunda bæði almennt söngnám og rytmískt söngnám (jazz, popp, rokk).

Nemendum gefst nú tækifæri á 3ja mánaða söngnámi til reynslu og til að kanna hvort það henti þeim.

Einnig er hægt að bæta við nemendum á flest blásturshljóðfæri.

Innritun fer fram á hafnarfjordur.is

frá og með mánudeginum 30. apríl og til og með föstudeginum 11. maí

mínar síður – umsóknir – tónlistarskóli

Nánari upplýsingar hjá ritara í síma 5552704 eða á hafdisg@tonhaf.is

Skólastjóri

„Varist vinstri slysin“

Það var grátbroslegt að lesa tvær greinar í Fjarðarfréttum í síðustu viku, miðvikudaginn 18. apríl. Greinarnar annars vegar skrifaðar af fulltrúum Samfylkingarinnar hér í Hafnirfirði og hins vegar af fulltrúa VG. Í báðum greinunum skín í gegn gríðarlegur þrýstingur yfir góðri og ört batnandi fjárhagsstöðu bæjarsjóðs. Undir sterkri stjórn Sjálfstæðisflokksins í Hafnirfirði hefur fjárhag bæjarins verið algerlega snúið

við. Bæjarsjóður sem áður var í fjárhagslegri gjörgæslu opinberra aðila hefur batnað og batnað þetta kjörtímabil undir stjórn Sjálfstæðisflokksins. Í stað þess að safna skuldum hefur bæjarsjóður greitt niður skuldir, sparað vaxtagreiðslur. Peningar sem áður fóru til greiðslu vaxta af skuldum eru nú notaðir til uppbyggingar í bænum.



Magnús Ægir Magnússon

Þetta ergir fulltrúa Samfylkingarinnar og VG heilmikið enda voru þessir sömu flokkar nálægt því að gera bæinn gjaldþrota þegar þeir „stjórn-uðu“ bæjarfélaginu, eða réttara sagt stjórnðu ekki.

Sveitarstjórnarkosningarnar sem haldnar verða 26. maí næstkomandi verða einar þær mikilvægustu fyrir Hafnirfirðinga í langan tíma. Mikilvægið felst ekki síst í því hvort takist að varðveita þann stöðugleika sem kominn er á

rekstur bæjarsjóðs eftir áralanga óstjórn. Einn besti mælikvarðinn á þennan árangur er sá að skuldahlutfall og skuldaviðmið bæjarsjóðs hefur lækkað ört og þar af leiðandi vaxtagreiðslur og aðrar greiðslur sem fylgja mikilli skuldsætningu. Sparaðir peningar í þessum liðum nýtast uppbyggingu innviða í bæjarfélaginu.

Bæjarbúar þurfa að hafa í huga það sem sagt var einu sinni, en á alveg eins við í dag, „varist vinstri slysin“.

Höfundur er rekstrarhagfræðingur og skipar sæti á lista Sjálfstæðisflokksins.



99
KR/STK

EMERGE
ORKUDRYKKUR
250 ML

TILBOÐIÐ GILDIR:
25 APRÍL - 2. MAÍ 2018



99
KR/STK

MARS DUO
79 G

TILBOÐIÐ GILDIR:
25 APRÍL - 2. MAÍ 2018



99
KR/STK

PRINGLES
ORIGINAL
SOUR CREAM & ONION
40 G

TILBOÐIÐ GILDIR:
25 APRÍL - 2. MAÍ 2018

AFGREIÐSLUTÍMAR:

VIRKA DAGA
8:00 - 22:00

LAUGARDAGA
8:00 - 18:00
SUNNUDAGA
10:00 - 17:00



349
KR/STK

OKKAR BRAUÐ
770 G



452
KR/PK

MS PIZZAOSTUR
200 G



399
KR/PK

COOP
ELDHÚSRÚLLUR
4 RÚLLUR

SMÁAUGLÝSINGAR

þjónusta

Bílaþrif. Kem og sæki. Þvottur og bön verndar bílinn. Úrvals efni. Djúphreinsun. Hagstætt verð. Uppl. í síma 845 2100.

Tek að mér að færa yfir á (vídeó, slide, ljósmyndir) DVD diska eða flakkara. Synishorn á siggileifa.123.is sími 8637265 siggill@simnet.is, Sigurður Þorleifsson.

smáauglýsingar

fjardarfrettir@fjardarfrettir.is
sími 565 3066

Verð 1.200 kr. m.v. hver 200 slög.
Myndbirting 1.200 kr.


Tapað-fundið og Gefins: FRÍTT

www.fjardarfrettir.is

Fjölskyldan í fyrirrúmi

Hafnarfjarðarbær hefur alla burði til að verða fyrstur bæja til að hanna fjölskyldustefnu sem virkar og búa til fjölskylduvænt samfélag þar sem börn og barnafjölskyldur búa við jöfn tækifæri og öryggi. Um er að ræða fjölskyldustefnu sem tekur mið af börnum, fjölskyldum, er fyrir öll skólastig og fyrir eldri borgara. Stefnan þarf að taka mið af þörfum fjölskyldunnar á öllum æviskeiðum. Fjölskyldustefna á að vera hjarta, fallett rautt hjarta sem slær í takti við lifandi hraunið undir okkur og á að byggjast á þörfum fjölskyldna. Í samtölum við fjölskyldur kemur fram nokkur óánægja með stefnuleysi í þeirra málum. Leggja þarf áherslu á að samræma fjölskylduábyrgð og störf. Þjónusta þarf að vera til staðar fyrir yngstu börnin til að foreldrar geti gengið að öruggri dag-

gæslu eftir að fæðingarorlofi lýkur. Skapa þarf forsendur til þess að foreldrar geti til jafns borið ábyrgð á heimilishaldi, umönnun og uppeldi barna. Þjónustan þarf að vera hönnuð til að mæta þörfum fjölskyldunnar. Fjöl-



Margrét Vala Marteinsdóttir

Jóhanna Erla Guðjónsdóttir

skyldur eiga ekki að þurfa að aðlagja sig þörfum kerfisins heldur á kerfið að aðlagja sig að þörfum fjölskyldunnar. Þá þarf stefnan að gefa fjölskyldum rödd

sem tekið er mið af og henni sýnd sú virðing og það traust sem hún á skilið. Við eigum að hlúa að fjölskyldunni, því saman getum við búið til enn fallettri, umhyggjúsamari og réttlátari Hafnarfjörð sem leggur allt kapp á að vinna fyrir alla bæjarbúa, óháð aldri, kyni og stöðu. Við hjá Framsókn og óháðum leggjum ríka áherslu á að bæta hag einstaklinga og fjölskyldna í Hafnarfirði ef þau fá þann stuðning sem þau þurfa og tækifæri til þess að vera virkir þátttakendur í samfélaginu þá mun það skila sér margfalt aftur til baka út í samfélagið.

Við erum sterkari saman.

Jóhanna Erla er félagsráðgjafi og skipar 3. sæti á lista Framsóknar og óháðra. Margrét Vala er forstöðukona Reykjadalss og skipar 4. sætið.

Jafnrétti og jöfnuður

Nú er komið að sveitarstjórnarkosningum þar sem við öll getum haft áhrif á það í hvernig bæ við viljum búa.

Stefna Vinstri grænna byggir á jafnrétti, jöfnuði og umhverfisvernd. Við erum kvenfrelsisflokkur sem stefnum að jafnrétti og viljum við útrýma allri kynbundinni mismunun hvar sem hún birtist. #MeToo byltingin hefur sýnt okkur svo ekki verður um villst að það er enn langt í land og mjög brýnt að við bregðumst við af fullri alvöru. Umfang kynbundins ofbeldis og mismununar er augljóslega margfalt meira en nokkurn óraði fyrir.

Umhverfismálin eru orðin meira en aðkallandi því ef ekkert verður að gert bendir allt til þess að við munum ekki geta snúið þróuninni við. Það er ekki

lengur spurning um hvenær við tökum okkur á heldur verðum við að bregðast

við strax og gera allt sem í okkar valdi stendur til þess að minnka mengun og soun og breyta lifnaðarháttum okkar.

Við eigum öll rétt á mann-sæmami lífi. Sú staðreynd að á Íslandi séu börn sem alast upp við fátækt er sláandi og óskiljanlegt. Að á Íslandi sé eldra fólk og öryrkjar sem eigi erfitt með að láta enda ná

saman vegna lágra örorkubóta og ellilífeyris er skammarlegt.

Þessu viljum við breyta!

Vinstri græn í Hafnarfirði vinna fyrir ykkur kærar Hafnarfirðingar. Við stöndum vörð um jöfnuð, jafnrétti og umhverfisvernd. Við teljum að allir geti átt mann-sæmami líf og geti alist upp í samfélagi án kynbundins ofbeldis og að afkomendur okkar taki ekki við sviðinni jörð eftir okkur sem erum hér núna.

Höfundur er bæjarfulltrúi Vinstri grænna og skipar 1. sæti á lista Vinstri grænna.



Elva Dögg Ásdóttir Kristinsdóttir

Hugleiðing um fasteignaskatta í Hafnarfirði


Þegar fasteignaverð hækkar þá er það alls ekki lögmál að fasteignaskattar hækki líka. Þeir sem stýra sveitarfélögum hafa talsvert mikið svigrúm til að ákvarða þá, því lögum samkvæmt er ekkert lágmark á álagningarhlutfallinu og því auðvelt að lækka það með hækkanði fasteignaverði.

Frá 1. janúar 2014 til 1. janúar 2018 hækkaði vísitala neysluverðs um 7,43%. Á sama tímabili, síðan núverandi meirihluti tók við, hækkuðu fasteignaskattar í Hafnarfirði mun meira eða á bilinu 33-50%. Sem dæmi má skoða annars vegar 172 fermetra einbýlishús í Setbergi og hins vegar 119 fermetra, 4 herbergja íbúð í Áslandi. Á tímabilinu hækkuðu fasteignaskattarnir um 37,85% fyrir einbýlishúsið og um 49,11% fyrir íbúðina. Eigendur fasteignanna eru því árið 2018 að borga annars vegar 45 þúsund og hins vegar 36 þúsund meira í fasteignagjöld heldur en ef gjöldin hefðu fylgt vísitölu neysluverðs.

Til að bæta gráu ofan á svart hækkaði núverandi meirihluti fasteignaskattinn um 21% fyrir árið 2016, sem magnaði enn frekar upp hækkun fasteignaskatta næstu tvö árin á eftir, þó að fyrir 2018 sé álagningarhlutfallið orðið það sama og árið 2014.

Til þess að fasteignaskattar hækki ekki umfram verðbólgu þá þarf bæjarstjórn að lækka álagningarhlutfallið. Ef hún gerir það ekki, þá á það að vera upp á borðinu að það sé verið að leggja auknar álögur á bæjarbúa. Það er ekki eðlilegt að þjálfaryfirvöld nýti sér þegjandi og hljóðalaust þær hækkanir sem eru á húsnæðismarkaðnum. Með betri stefnu í húsnæðismálum hefði verið hægt að koma í veg fyrir þessar hækkanir. Fólk á nóg með að ráða við herra húsnæðisverð þó að ekki komi til auknar álögur í formi fasteignaskatta.

Höfundur er stærðfræðingur og skipar áttunda sæti á lista Samfylkingarinnar.



Sigurbjörg Anna Guðmundsdóttir

Viðreisn er mætt í bæjarmálin

Sumarið gaf okkur forsmekkin í byrjun vikunnar með sól og sumaryl og ósjálfrátt fylltist maður bjartsýni og gleði. Það var því viðeigandi fyrir okkur í Viðreisn að tilkynna framboð okkar til bæjarstjórnar Hafnarfjarðar á sama tíma.

Ég er uppalinn í leikhúsinu og þar er hamrað á því að mikilvægasta fólkið í leikhúsinu sé áhorfandinn. Í stjórnmálum er mikilvægasta fólkið almenningur, fólkið sem við viljum þjónusta og hverra hagsmuna við viljum standa vörð um. Stundum gleymist þetta í hita leiksins en ekki hjá Viðreisn. Almannahagsmunir framfar sérhags-

munum eru og verða ávallt okkar leiðarljós.



Jón Ingi Hákonarson

Við munum reka jákvæða kosningabaráttu og horfa til framtíðar, að gera góðan bæ betri. Við munum tækla mál-efnin ekki manneskjuna. Við verðum málefnaleg og munum tala í lausnum. Okkur er sama hvaðan gott kemur svo lengi sem það kemur.

Við hlökkum til að eiga samtál við ykkur íbúa Hafnarfjarðar og hlusta á ykkar sjónarmið og hugmyndir. Gerum góðan bæ betri og gerum það saman.

Höfundur er oddviti Viðreisnar í Hafnarfirði.

SAMFYLKINGIN Í HAFNARFIRÐI

Opnun kosningaskrifstofu

Laugardaginn 28. apríl kl. 14 -17
Strandgötu 43

Dagskrá:



- **Logi Már Einarsson**, formaður Samfylkingarinnar
- **Adda María Jóhannsdóttir**, skipar 1. sæti á framboðslista
- **Nemendur Flensborgarskólans** sýna atriði úr söngleiknum Pitz Pörfekt

Kynnir: Gunnar Axel Axelsson

Frá kl. 17 halda Ungir jafnaðarmenn gleðinni áfram



Allir hjartanlega velkomnir

ÍÞRÓTTIR

Handbolti:

28. apríl kl. 17.30, Kaplakríki
FH - Selfoss, úrslit karla.

1. maí kl. 14, Selfoss
Selfoss - FH, úrslit karla.

ÚRSLIT KARLA:

Selfoss - FH: (miðvikudag)
ÍBV - Haukar: 24-22

Körfubolti:

26. apríl kl. 18, Valshöllin
Valur - Haukar, úrslit kvenna.

30. apríl kl. 19.15, Ásvellir
Haukar - Vaur, úrslit kvenna

ÚRSLIT KVENNA:

Haukar - Valur: 96-85
Valur - Haukar: 80-76
Haukar - Valur: 85-68

Knattspyrna:

28. apríl kl. 11.30, Fylkisvöllur
Fylkir - Haukar, bikarkeppni kvenna

28. apríl kl. 14, Grindavík
Grindavík - FH, úrvalsdeild karla

ÚRSLIT KVENNA:

FH - Selfoss: (miðvikudag)
Haukar - KR: 1-1

ÚRSLIT KARLA:

Haukar - Vestri: 3-1
ÍH - ÍH: 8-0

Orlofsnefnd Húsmæðra í Hafnarfirði



auglýsir kynningar- og skráningarfund
vegna orlofsferða á árinu 2018.

Fundurinn veður haldinn í Hraunseli
fimmtudaginn 3. maí kl. 16.30

Ferð til Helsinki og Tallin
25.-30. október.

Rínarsigling
20.-25. september

Rétt til þess að sækja um orlofsferð hefur sérhver
kona sem veitir eða hefur veitt heimili forstöðu án
launagreiðslu fyrir það starf.

Upplýsingar um ferðirnar er hægt að fá
í síma orlofsnefndar, 623 9443.

Einnig er hægt að senda póst
á hafnarfjardarorlof@gmail.com

Orlofsnefnd.

Blærinn faðmar bæinn

Vortónleikar
Kvennakórs Hafnarfjarðar

verða haldnir fimmtudaginn
26. apríl 2018
kl. 20:00 í Hásölum
Safnaðarheimili Hafnarfjarðarkirkju

Kórstjóri: Eina Guðmundsdóttir
Píanóleikari: Antonía Hevesi

Aðrir hljóðfærleikarar:
Jón Ragnsson og Jóhann Hjörleifsson

Miðaverð: kr. 2500
Frítt fyrir 12 ára og yngri
Miðasala við innganginn

Björgvin bæjarlistamaður Hafnarfjarðar

Í áttunda sinn sem bæjarlistamaður er útnefndur í Hafnarfirði

Síðasta vetrardag voru menningarstyrkir Hafnarfjarðarbæjar veittir í Hafnarborg og við það sama tækifæri var áttundi bæjarlistamaður Hafnarfjarðar útnefndur.

Að þessu sinni var það einn ástsælasti tónlistarmaður þjóðarinnar Björgvin Halldórsson sem útnefndur var bæjarlistamaður Hafnarfjarðar 2018.

Björgvin er vel að þessum heiðri kominn, hefur verið farsæll tónlistarmaður frá unglingsaldri er hann gerði garðinn frægan með laginu Ævintýri sem hann söng með hljómsveitinni Ævintýri sem stofnuð var árið 1969. Björgvin er sannur Gaflari, fæddur 16. apríl 1951. Hann hefur leikið með fjölmörgum hljómsveitum í Bendix, Flowers, Ævintýri, Hljómum, Change, Brimkló og HLH flokknum en hann hefur síðan átt glæsilegan sólóferil.

Hann var sæmdur riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu í janúar 2011 fyrir framlag sitt til íslenskar tónlistar.

Björgvin þakkaði þann heiður sem sér væri sýndur og þakkaði samstarfsfólki sínu og samferðafólki og lauk tölu sinni með því að segja að nú væri hann búinn að meika það!

STYRKÞEGAR 2018

Björgvin Franz Gíslason hlýtur styrk fyrir verkefnið „Í hjarta Hafnarfjarðar, örpættir“. 320.000 kr.

Brýndís Björgvinsdóttir hlýtur styrk fyrir „Sjónarhorn álfa“. 150.000 kr.

Camerarctica hlýtur styrk fyrir „Mozart við kertaljós, tónleikar“. 120.000 kr.

Christian Schultze hlýtur styrk fyrir „Maíhátíð 2018“. 75.000 kr.

Eyrún Ósk Jónsdóttir hlýtur styrk fyrir „Ljóðagjörningur, friður og kærleikur“. 200.000 kr.

Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir hlýtur styrk fyrir „Sönghátíð í Hafnarborg“. 500.000 kr.

Henny María Frimannsdóttir hlýtur styrk fyrir „Heima, tónlistarhátíð“. 600.000 kr.

Inga Björk Ingadóttir hlýtur styrk fyrir „Lýrutónleikar í Frikirkjunni“. 150.000 kr.

Karalákórinn Prestir hlýtur styrk fyrir „Vortónleikar“. 100.000 kr. og styrk fyrir „Konudagstónleikar Prasta“. 100.000 kr.

Katrín Helga Ólafsdóttir hlýtur styrk fyrir verkefnið „Samningurinn í Gaflaraleikhúsinu“. 150.000 kr.

Konráð Ragnarsson hlýtur styrk fyrir „Ljósmyndasýning Konráðs Ragnarssonar“. 120.000 kr.

Kvennakór Hafnarfjarðar hlýtur styrk fyrir „Vortónleikar Kvennakórs Hafnarfjarðar“. 250.000 kr.

Lúðrasveit Hafnarfjarðar hlýtur styrk fyrir „Tónleikar Lúðrasveitar Hafnarfjarðar“. 500.000 kr.

Marteinn Sindri Jónsson hlýtur styrk fyrir verkefnið „Fararsnið, tónleikar“. 200.000 kr.

Martin Eliot Frewer hlýtur styrk fyrir verkefnið „La stravaganza, tónleikar“. 200.000 kr.

Páll Eyjólfsson hlýtur styrk fyrir „Eypör Ingi og allir hinir, sýning í Bæjarbíó“. 300.000 kr.

Rimmugýgur hlýtur styrk fyrir „Vikingahátíð í Hafnarfirði“. 320.000 kr.



Björgvin Halldórsson, bæjarlistamaður Hafnarfjarðar og Rósa Guðbjartsdóttir bæjarfulltrúi sem afhenti heiðurskjalidið.

Sigríður Margrét Jónsdóttir hlýtur styrk fyrir „Lífandi Thorsplan“. 300.000 kr.

Stefán Ingvar Vigfússon hlýtur styrk fyrir „Rannsókn um sviðsetningu karlmennsku“. 250.000 kr.

Stefán Ómar Jakobsson hlýtur styrk fyrir „Jazzkvartettinn Þula, tónleikar“. 150.000 kr.

Tinna Bessadóttir hlýtur styrk fyrir „Álfahátíð á Jónsmessu í Hellisgerði“. 350.000 kr.

Samtals voru veittar 5,4 milljónir kr. í styrki en þetta var fyrri úthlutun menningar- og ferðamálanefndar í ár.



Styrkþegar menningarstyrkja Hafnarfjarðar í apríl 2018.

BLSTOFA

HAFNARFJARÐAR

Flatahrauni 5a

Boltinn í beinni og lifandi tónlist allar helgar.

Tilvalinn staður fyrir einkasamkvæmi stærri og smærri hópa.

Happy Hour alla daga frá kl. 16 til 19 og fleiri flott tilboð á barnum.



BLSTOFA

HAFNARFJARÐAR

Flatahrauni 5a, Hafnarfirði
sími 578 0200

1. maí hátíðarhöldin í Hafnarfirði 2018

Baráttutónleikar verða haldnir í Bæjarbíó, Strandgötu 6



Tónleikarnir hefjast kl. 17 og húsið opnað kl. 16:30
Fram kemur þekkt tónlistarfólk sem syngur í okkur baráttuandann

Karl Rúnar Þórsson, formaður Starfsmannafélags Hafnarfjarðar,
flytur 1. maí ávarp verkalyðsfélaganna í Hafnarfirði

Fram koma:

At-Breakpoint | Bubbi Morthens | Matti Matt | Ragnheiður Gröndal og Guðmundur Pétursson

Allir velkomnir í Bæjarbíó á meðan húsrúm leyfir

